

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 65/2002

frá 31. maí 2002

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2002 frá 19. apríl 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1917/2000 frá 7. september 2000 um tiltekin ákvæði til framkvæmdar á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1172/95 að því er varðar hagskýrslur um utanríkisviðskipti ⁽²⁾, eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 3, 6.1.2001, bls. 28, skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1917/2000 fellir úr gildi frá 1. janúar 2001 reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 840/96 frá 7. maí 1996 um tiltekin ákvæði til framkvæmdar á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1172/95 að því er varðar hagskýrslur um utanríkisverslun ⁽³⁾ sem er hluti af samningnum og ber því að fella hana brott úr honum.
- 4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1669/2001 frá 20. ágúst 2001 um breytingu á 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1917/2000 um tiltekin ákvæði til framkvæmdar á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1172/95 að því er varðar hagskýrslur um utanríkisviðskipti ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á XXI. viðauka við samninginn:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 154, 13.6.2002, bls. 32 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 29, 13.6.2002, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 229, 9.9.2000, bls. 14.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 114, 8.5.1996, bls. 7.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 224, 21.8.2001, bls. 3.

1. Eftirfarandi liður komi aftan við 16. lið (texti 16. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 455/88) hefur verið felldur niður):

„16a. **32000 R 1917:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1917/2000 frá 7. september 2000 um tiltekin ákvæði til framkvæmdar á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1172/95 að því er varðar hagskýrslur um utanríkisviðskipti (Stjtið. EB L 229, 9.9.2000, bls. 14) eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 3, 6.1.2001, bls. 28, eins og henni var breytt með:

- **3201 R 1669:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1669/2001 frá 20. ágúst 2001 (Stjtið. EB L 224, 21.8.2001, bls. 3).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Tilvísunin í reglugerð (EB) nr. 2454/93 í 1. mgr. 6. gr. gildir ekki.

b) Eftirfarandi ný undirgrein bætist við a-lið 1. mgr. 7. gr.:

„Að því er EFTA-ríkin varðar er „upprunaland“ það land sem vörurnar eru frá samkvæmt upprunareglum hvers þeirra.“

c) Eftirfarandi ný undirgrein bætist við 2. mgr. 9. gr.:

„Að því er EFTA-ríkin varðar skal „tollvirði“ skilgreint samkvæmt landslögum hvers þeirra.“

d) 2. mgr. 11. gr. gildir ekki;

e) 2. þáttur í II. bálki (16.-19. gr.) gildir ekki.

f) Kóði nr. 7 í a- og b-liðum 4. mgr. 6. gr. gildir ekki um Liechtenstein.

g) „Fyrir eigin vélarafli“, sem flutningsmáti samkvæmt 3. mgr. 10. gr. er ekki notað fyrir Liechtenstein."

2. Texti 10. liðar falli niður.

2. gr.

Texti reglugerðar (EB) nr. 1917, eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 3, 6.1.2001, bls. 28 og reglugerðar (EB) nr. 1669/2001, á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júní 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 31. maí 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.